

Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 132/956
komudagur 22.2.2006



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2006

Efni: Frumvarp til laga um tóbaksvarnir

Samtök ferðapjónustunnar hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Á aðalfundi samtakanna 7. apríl 2005 var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

“Aðalfundur Samtaka ferðapjónustunnar haldinn 7. apríl 2005 samþykkir að ganga til viðræðna við stjórnvöld um að reykingar verði bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum frá og með 1. júní 2007. Miklar breytingar hafa orðið síðustu árin á reykingavenjum fólks og tillitssemi aukist að mun. Hótel- og veitingamenn innan samtakanna hafa í fjölmörg ár unnið að því að reyklusum svæðum sé fjölgað og er svo komið að tugir veitingastaða eru alveg reyklusir og fjölmargir staðir til viðbótar leyfa ekki reykingar í matsölum. Miklar umræður hafa verið síðustu árin um starfsumhverfi þeirra sem vinna í reykmettuðu lofti og hafa nokkur lönd þessa vegna bannað reykingar á veitingastöðum sem og öðrum vinnustöðum og önnur eru að ihuga það. Veitingamenn leggja ríka áherslu á að breytingar sem gerðar verða á lögum um tóbaksvarnir vegna þessa verði gerðar í samstarfi við greinina.”

Athugasemd við 2. grein frumvarpsins


- a) Gerð er alvarleg athugasemd við skilgreininguna á þjónustusvæði utanhúss. Skilgreiningin er illskiljanleg og virðist auk þess ganga skemur en í t.d. Noregi og Svíþjóð. Lögð er áhersla á að ákvæði um aðstæður utanhúss séu í reglugerð svo hægt sé að gera breytingar í ljósi reynslunnar án þess að breyta lögum. Það er brýnt að reglur um utanhúss veitingar séu skýrar og mæti þörfum veitingamanna og gesta þeirra þegar svo róttækar breytingar eru framkvæmdar á veitingum innanhúss.
- b) Engin athugasemd.
- c) Gerð er sú krafa að ráðherra hafi samráð við Samtök ferðapjónustunnar við reglugerðasmíð.

Með tilliti til ofangreindrar ályktunar eru ekki gerðar athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins enda virðast ákvæði þeirra vera í samræmi við hana.

Veitinga- og gististaðir hafa í fjölmörg ár haft frumkvæði að reyklusum hótélherbergjum, reyklusum morgunverði og nú síðustu ár reyklusum veitingasölum og hefur orðið mjög hröð þróun í þeim málum. Umræðan hefur þó breyst síðustu misseri um leið og nágrannalönd hafa verið að innleiða reykþann vegna vinnuverndarsjónarmiða. Það var því samdóma niðurstaða veitingamanna á aðalfundi SAF í fyrra að ganga skrefið til fulls. Fylgst hefur verið með umræðunni í þeim löndum sem nú þegar hafa innleitt reykþann og virðist það hafa gengið ágætlega þótt ljóst sé að ákveðnar tegundir veitingastaða hafa tapað talsverðri veltu við þessar breytingar. Talsverðar umræður urðu um lokuð reykherbergi sem kveðið er á um í sænsku lögunum en sænska hótél- og veitingasambandið var mótfallið slíku reykherbergi. Sænsku samtökin gera ekki ráð fyrir að mörg veitingahús notfæri sér þetta og líta á þau sem dýra millilausn. Samtök ferðaþjónustunnar eru sammála málflutningi samtakanna í Noregi og Svíþjóð um að reykherbergi séu óásættanleg vegna samkeppnissjónarmiða.

Samtök ferðaþjónustunnar mæla því með því að frumvarpið verði samþykkt að teknu tilliti til athugasemda okkar við 2. grein hér að ofan.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar


Erna Hauksdóttir
frankvæmdastjóri